

Hvalfjarðarsveit  
Hjörtur Haraldsson,  
skipulags- og byggingarfulltrúi  
Innrímél 3, Melahverfi  
301 Akranes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 19. júní 2012  
Tilvísun: UST20120500030/bs

### Deiliskipulagsbreyting Eystri Leirárgarðar ehf. Bugavirkjun-Umsögn

Vísað er til bréfs skipulags- og byggingarfulltrúa Hvalfjarðarsveitar dags. 2. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á deiliskipulagi.

Umrædd breyting er vegna breytinga á byggingareitum og allt að 40 kW vatnsaflsvirkjun í Bugalæk við Leirárgarða í Hvalfjarðarsveit.

Í umhverfisskýrslu með deiliskipulagsbreytingu kemur fram að þeir umhverfisþættir sem lítið er til eru eftirfarandi: Rennsli í Bugalæk og Leirá, fiskistofnar, sjónræn áhrif, gróður, vatnsvernd og fornminjar.


Áhrif skipulagsins á rennsli í Bugalæk eru talsverð neikvæð, en óveruleg í Leirá. Áhrif á veiði og fiskistofna eru talin óveruleg. Sjónræn áhrif eru talin verða óveruleg vegna lítils umfangs mannvirkja, sem auk þess verða að hluta niðurgrafin eða grædd upp með sambærilegum gróðri og þeim sem er í næsta nágrenni stíflunnar.


Áhrif á gróður verður vegna inntakslóns 1-1,5 ha og vegna lagningar fallpípu, en þessi svæði eru í vel grónu mólendi. Talið er að breyting á deiliskipulagi muni hafa óveruleg áhrif á fuglalíf. Stífla og inntakslón virkjunarinnar ná inn fyrir vatnsverndarsvæði. Skv. upplýsingum ISOR dags. 15. apríl 2011 kemur fram að mörk grannsvæðis á fyrirhuguðu lónstæði sé dregið óþarflega rúmt. Ekki er gert ráð fyrir að deiliskipulag svæðisins hafi neikvæð áhrif á vatnsvernd og grunnvatn.

Hér er um að ræða uppbyggingu á svæði sem að hluta til er raskað nú þegar. Helstu umhverfisáhrif deiliskipulags eru talin vera áhrif á rennsli í Bugalæk og á lífríki Bugalækjar neðan virkjunar. Í heild eru umhverfisáhrif framkvæmda á grundvelli deiliskipulags talin óveruleg.

Að teknu tilli til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd deiliskipulagsbreyting muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir

  
Björn Stefánsson